

Ég andmæli áformum um álagningu veggjalda eins og þær koma fram í forsendum meiri hluta Umhverfis- og samgöngunefndar. Ég er eldri borgari búsettur í Hveragerði sem þarf æði oft að aka til Reykjavíkur og/eða Selfoss ýmissa erinda.

Veggjöld myndu vega þungt á fjárhaginn sem er ekki beysin fyrir vegna skatta og skerðinga.

Kær kveðja, Ísleifur Gíslason